

145 15. des. lækni. — Brjef landshöfðingja til landlæknis um kennslutíma yfirsetukvenna hjá land-
allra amtsráðanna um það, hve opt á ári og hvenær hentugast sje að kennsla fari fram í
yfirsetukvennafræði hjá landlækni, og eptir að jeg nú sömuleiðis hef meðtekið athuga-
sendir yðar, herra landlæknir, þessu máli viðvíkjandi, í þóknanlegu brjefi yðar 8. p. m.,
vil jeg hjer með ákveða, að kennsla í yfirsetukvennafræði hjá landlækni skuli hjer eptir
fram fara tvisvar á ári, og skal kennslutíminn byrja 1. apríl og 1. október ár hvert.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið, herra landlæknir, til
þóknanlegrar leiðbeiningar.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögnum fyrir 1884 og 1885.

10. gr. C. 4.

Samþykktar tillögur sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu um að verja 750 kr. (sbr. Stjórnar-
tíð. p. á. B. 30) í þarfir búnaðarskólastofnunarinnar á Hólum í Hjaltadal.

16. gr

Friðgeir Hallgrímssyni veittur af ráðgjafanum 200 kr. styrkur til að taka próf í sjómannafræði.

EMBÆTTISSKIPUN.

28. nóvbr. skipaði biskup sjera Pál Ólafsson á Prestbakka virkilegan prófast í Strandaprófasts-
dæmi.

Stjórnartíðindin, deildirnar A. B. og C. má pantast á ritstofu landshöfðingja og
öllum pósthöfðingjum á landinu. Borgun fyrir þau er 1 kr. 66 a. um ár það, sem er að
líða þá er þau eru keypt, og verður að greiða hana fyrir fram, um leið og þau eru
pöntuð. Eldri árgangar stjórnartíðindanna kosta heptir 1 kr. 90 a. hver, nema árgang-
urinn 1874, er kostar 95 a.

Stjórnartíðindin eru send kaupendum með póstum. Sje eitthvað áfátt við send-
inguna, ber annaðhvort viðtakanda sjálfum eða hlutadeigandi póstmanni, samkvæmt 23.
gr. auglýsingar 3. maí 1872, með næsta pósti eptir að sendingin kom að skýra ritstofu
landshöfðingja frá því, sem vantar.

Embættismönnum, hreppstjórum, hreppsnefndaroddivitum og póstaftgreiðslumönnum
er skylt að halda þeim stjórnartíðindum, er þeim eru send kauplaust, saman í góðri
reglu, og munu þeir að öðrum kosti verða skyldaðir til að útvega tíðindin eptirá af nýju
á eigin kostnað.